



Skýrsla vallarstjóra 2021

Golfsumarið 2021 í Öndverðarnesi byrjaði seinna en oft áður en völlurinn opnaði seinna en við erum orðin vön. Völlurinn opnaði ekki af fullu fyrr en 21 maí og er hægt kenna köldu og þurru veðurfari allan maí mánuð um það. Meðalhiti í maí var rétt undir fimm gráðum, eða meira en tveim gráðum undir meðalhita 2020 og voru viðvaranir um hættu á gróðureldum tíðar vegna þurrka.

Völlurinn lokaði svo þann 19 október í frábæru ástandi, en þá var komið að miklu næturfrostri og væta þess á milli.

Á vellinum störfuðu ásamt mér þau Friðrik Guðmundsson, Hrannar Freyr Harðarson, Tilda Sahlberg og Kristján Ingi Þórðarson. Friðrik og Hrannar hafa starfað hjá okkur undanfarin þrjú sumur en Tilda og Kristján komu inn ný hjá okkur í sumar, Tilda þurfti frá að hverfa fyrr en áætlað var eftir að hún fótbrotnaði en öll skiluðu þau frábæru starfi og eiga þau mikið hrós skilið. Friðrik mun áfram starfa hjá klúbbnum í vetur sem er þáttur í að halda í mikla reynslu hans af golfvallarstörfum og starfskunnáttu.

Ástand og viðhald vallar

Veturinn fyrir þetta sumar var nokkuð góður en snjólaus jörðin gerði það að verkum að frost hljóp mjög djúpt í jörðina líkt og veturinn í fyrra, þar af leiðandi var frostlyfting mjög mikil og settist jarðvegurinn ekki almennilega niður fyrr en í júní. Nær engin klakamyndun var á vellinum og þar af leiðandi var ekki mikið um kalskemmdir á vellinum.

Vorið sjálft leit mjög vel út í mars og apríl mánuði en kuldakast setti strik í reikninginn ásamt miklum þurrkum. Vökvunarkerfið okkar sýndi kraft sinn enn og aftur í þurrkunum og voru flatir og teigar sem höfðu vökvun voru í miklu betra standi þegar völlurinn opnaði svo loksins.

Úrkoman í sumar var í fullkomnu meðallagi miðað við árin á undan eins og má sjá töflunni hér að neðan, það má til gamans geta að af þessum 100 mm sem rigndu í maí þá féllu 30 mm á síðustu tveim dögum mánaðarins.

| | Maí | Júní | Júlí | Ágúst |
|-------------|----------|----------|---------|----------|
| 2018 | 180 mm | 121,2 mm | 72,6 mm | 77,2 mm |
| 2019 | 47,2 mm | 17,8 mm | 74,2 mm | 51,5 mm |
| 2020 | 72,9 mm | 110,7 mm | 49,5 mm | 125,2 mm |
| 2021 | 100,8 mm | 119,9 | 74,4 mm | 114,6 mm |

Ástand vallarins heilt yfir í sumar var mjög gott og gekk öll umhirða mjög vel, flatir og teigar voru vel grónar enda voru vaxtarskilyrðin mjög góð. Vandræð aflöt sumarsins var samt sem áður 6 flötin sem var enn þá frost í þegar við hófum að leika á hana í vor, en ráðist hefur verið í endurbætur á henni.

Áburðargjöf á vellinum var með svipuðu móti og í fyrra, spreypillinn okkar spilar lykilhutverk í gæði flatanna okkar og gerir hann okkur kleift að fara með mjög markvisst magn af áburði og vatnsmiðlunarefnum sem hjálpar vatni að komast jafnt niður í jarðveginn ásamt því að halda rakastigi í mismunandi flötum mjög jöfnu og að halda jöfnu rakastigi í mismunandi hæðapunktum á flötunum. Að meðaltali var farið með u.þ.b. 5-6 kg N/ha á um 10-15 daga fresti í sumar, en við skráum niður og fylgjumst vel með hitastigi og vaxtarskilyrðum til þess að ákveða hversu mikinn áburð við þurfum að bera á í hvert skipti og hversu ört.



Mynd 1- 13 flöt árla morguns

Mér ber að nefna að spretta í sumar var með því mesta sem ég hef séð á golfvelli, röfslátturinn okkar hefur lítið breyst undanfarin ár enda gengur sú vél því sem næst allar vinnustundir yfir hásumarið en röff varð oft kaflað og slægjan eftir röfslátt var leiðinlega áberandi eftir okkur í sumar og verður unnið að því að þetta verði ekki eins áberandi og var í sumar.

Nýja fjórða flötin okkar kom vel undan vetri en nokkuð var um skellur í henni sem lokuðu sér svo seinna að mestu þegar leið á sumarið, grasategundirnar í henni eru þess kyns að þær geta verið seinni af stað á vorin en annarsstaðar á vellinum en hins vegar þegar hitastig hækkar þá fara þær á flug og eru mjög fljótar að loka sárum og skemmdum. Á meðal okkar starfsmanna ríkir almenn ánægja með hversu góðu ástandi fjórða flötin var miðað við að vera ekki orðið tveggja ára gömul flöt og teljum við að þessi flöt mun bara koma til með verð betri með tímanum.



Mynd 2 - Sláttur á 4 flöt.

Til gamans er hér að neðan hægt að sjá slátturhefðir okkar í sumar.

| Svæði | Tíðni sláttar | Slátturhæðir |
|---------|---------------|--------------|
| Flatir | 4-6x í viku | 3,75 – 6 mm |
| Teigar | 3-4x í viku | 9 – 11 mm |
| Brautir | 2-3x í viku | 11 – 13 mm |
| Röff | 1x í viku | 38 mm |

Vinnudagur

Vinnudagurinn okkar fór fram þann 15 maí og var mæting að venju mjög góð og var mikið af verkum sem komumst í verk. Erfitt er að lýsa hversu mikilvægur þessi dagur er okkur vallarstarfsmanna enda vinnast verk á ljóshraða með mannfjöldanum sem mætir á þessu daga okkar og erum við eilíft þakklát fyrir það og vonum að þetta haldi áfram svona.



Mynd 3 - Félagsmenn tyrfa 18 forflöt.

Helstu verkefni sem ber að nefna á vinnudeginum voru tyrfing á nýju forflötinni á 18 braut, miklar snyrtingar á stígum í kringum teiga og stórfelldar trjásnyrtingar formannsins. Einnig eru alltaf föst verk á þessum degi, skiltum, teigmerkjum, lengdarmerkingum, ruslatunnum og hægt væri að telja lengi upp verkefni.

Framkvæmdir

Eins og alltaf er nokkuð um framkvæmdir á hverju ári hjá okkur, í vor var gengið frá endurbyggingu á forflöt á 18 braut ásamt að það var endurbyggð glompan við flötina og vökvun lögð í kringum flötina ásamt 9 flöt. Stígendur voru mokaður upp á 6 og 7 braut til að anna aukinni umferð á þeim svæðum.

Veitur fóru svo á vormánuðum að leggja lögn í gegnum völlinn okkar, frá borholu á bakvið 2 flöt að húsinu þeirra við 9 braut, við gripum þann bolta á lofti og lögðum okkar eigin lagnir í þann skurð fyrir vökvunarkerfið okkar ásamt því að leggja nýja stíga á 2 braut og 9 braut. Skammur framkvæmdagluggi þar olli því að við náðum ekki að ganga frá stígnum eins og okkur langaði til en það þarf að keyra talsvert meira efni í þá stíga enn.

6 flöt

Framkvæmdir haustins eru miklar og metnaðarfullar en ráðist hefur verið í algjöra endurbyggingu á 6 flöt og flatarstæðinu öllu. Markmið þeirrar framkvæmdar er að byggja flöt eftir viðurkenndum stöðlum og að hámarka nýtanlegt pláss undir holustaðsetningar á þessu glæsilega flatarstæði, helstu áskoranir þar eru hæðarmunurinn sem er á flötinni og hversu stutt það er niður í hraun. Nýja flötin verður stærri en sú gamla og mun flötin skiptast á þrjá góða, nýtanlega palla. Efsti pallur flatarinnar mun verða lægri en gamla flötin en fremsti pallurinn mun verða aðeins hærri en sá gamli var, samhliða þessu verður hægri glompunni við flötinni lokað en sú vinstri verður endurbyggð, brautarslætti verður svo einnig breytt þannig að brautin mun beygja meira frá vinstri til hægri til að aðkoman á flötina sé sem sanngjörnst.

Allt framkvæmdasvæðið er um 1200 m² og jarðvegsskipt á um 1000 m² svæði og reiknum við með að flötin sjálf verði um 7-800 m². Þetta verður stærsta flöt vallarins en er það aðallega lögun svæðisins og hæðarmunurinn sem veldur því.

Jarðvegsvinnan er að nær öllu lokin ásamt því að búið er að leggja fyrir vökvunarkefinu í kringum flötina. Það þýðir að í vor verður fínfrágangur og lokamótun á flötinni fyrir sáningu sem við vonumst til að ná í maímánuði, en það er allt háð hitastigi og veðurfari hvenær verður hægt að sá í flötina.

Vonumst við þá til að ná að leika inn á þessa flöt sem fyrst og erum við reynslunni ríkari eftir sambærilega framkvæmd á 4 flöt.

Í millitíðinni verður leikið á bráðabirgðarflöt sem er til vinstri við framkvæmdasvæðið, þar sem gamla flötin stóð á sínum tíma.



Mynd 4 - Framkvæmdir á 6 flöt í fullum gangi

Teigar

Einnig ætlum við að endurbyggja rauða teiginn á 17 braut, sá teigur var orðinn með öllu ónothæfur, óslettur og ósanngjarn. Nýi teigurinn mun standa á sama stað en verður jarðvegsskipt í teignum og hann tyrfður á vormánuðum. Ásamt því munum við eins og í öllum nýframkvæmdum leggja vökvunarkerfi í teiginn.

Von er líka að ná að byggja nýja fremri teiga á 6 og 7 braut. Þá á 7 braut til að geta gefið okkur svigrúm til að færa báða teigar frammar eða aftar eftir veðuraðstæðum og til að létta á álagi sem er á litla teignum fremst á 7 braut. Á 6 braut þykir okkur þeir sem slá af fremri teig ekki eiga sambærilegt annað högg á brautinni, svo líttl munur er á lengd brautarinnar af rauðum og gulum teigum. Nýi teigurinn yrði færður yfir skurðinn og er þetta allt hluti af því að gera völlinn sanngjarnan sama hvort er leikið af gulum eða rauðum teigum.

Vélamál

Á vormánuðum fengum við afhenda nýja vél að nafni Toro Sandpro 2040z sem er bunkerrakan okkar góða, slíka vél hefur okkur langað í lengi og kom hún að góðum notum í sumar og hafa glompur vallarins sjaldan litið eins vel út og í sumar. Vélin var mikið notuð og sparar hún okkur mikinn tíma og mannafl, það



Mynd 5 - Sand Pro í notkun

tekur mann og vél rúma 4 tíma að raka allar 49 glompur vallarins og reiknast okkur að hún spari okkur 4-5 tíma í mannafl í hvert skipti. Einnig nýtist hún einkar vel í lokafrágang á framkvæmdasvæðum áður en torf er lagt eða er sáð.

Vélakaup komandi veturs eru metnaðarfull, fjárfest hefur verið í nýjum gatara að gerðinni Redexim Verti-drain 7316 sem er sambærilegt tæki og gatarinn sem við áttum fyrir en vinnslubreidd hans er meiri, eða 160 cm. Við fengum með honum ýmsan aukabúnað sem gerir okkur kleift að nota mismunandi tegundir teina til götunnar, allt frá 5 mm breiðum teinum upp í 18mm breiða. Þessi fjárfesting er hluti af því að hámarka notkun tækjanna okkar því eftir að var fjárfest í nýjum traktor fyrir tveim árum var gatarinn okkar heldur lítið í hann og var óhentugur með honum því það mynduðust oft djúp hjólför þar sem traktorinn þurfti að keyra yfir svæði sem var nýgatað, ljóst er að þetta gerir okkur líka kleift að gata oftari yfir leiktímabilið án þess að trufla yfirborðið of mikið. Gatarinn er kominn í hús og hlakkar okkur mikið til að nota hann um leið og við getum í vor. Núverandi gatari hefur verið auglýstur til sölu.



Mynd 6 - Nýi gatarinn

Einnig höfum við staðfest pöntun á yfirsáningarvél að gerðinni Vredo

Supercompact, sem er fullkomnasta yfirsáningarvél sem völ er á. Yfirsáning er bráðnaðsynleg aðgerð til að sá þeim grasategundum sem best er að hafa, undanfarin ár höfum við gert of lítið af því að yfirsá og er það helst vegna þess að sú sáningarvél sem er til hentar illa til verksins. Nýja vélin skilar 99% af þeim fræjum sem sáð er ofan í svörðinn og er hlutfall spírunnar þeirra mun meira en af öðrum vélum. Núverandi yfirsáningarvél hefur verið auglýst til sölu.

Að lokum höfum við líka staðfest pöntun á nýrri flatarlátturvél af fullkomnustu gerð, Jacobsen Eclipse 360. Sú vél er dísel hybrid vél sem notast ekki við glussa til að drífa slátturbúnað vélarinnar og útilokar þar af leiðandi þann skaða sem glussi getur unnið, einnig nýtir hún raforku til að lyfta og lækka slátturbúnaðinn og er þetta líka hluti af áframhaldandi stefna okkar að gera vélaflotann okkar umhverfisvænni. Von er á þeirri vél á sumarmánuðum 2022 en eftirspurn eftir þessum vélum er mikill. Núverandi flatarlátturvél mun færast yfir í að slá teigana og svuntur á vellinum.

Þessi vélakaup gera okkar góða vélafloti enn betri og fullkomnari og sýnir styrk klúbbsins og leyfist mér að fullyrða að við erum með einn besta vélaflota landsbyggðarinnar.

Aðrar vélar klúbbsins eru í góðu ástandi, ekkert var um bilanir sem hindruðu okkur í sumar og er það góðu fyrirbyggjandi viðhaldi að þakka tel ég. Allur slátturbúnaður er yfirfarinn og tekinn í gegn yfir vetrarmánuði og sendur í brýningu. Nóg er af verkefnum í vélunum yfir vetrarmánuðina og skilar það sér í vélum sem ganga allt sumarið líkt og nýliðið sumar.

Lokaorð

Sumarið gekk mjög vel fyrir sig, mótahald var mikið og leggjum við mikinn metnað upp úr vinnu okkar á vellinum fyrir mót og finnst okkur skemmtileg áskorun að takast á við mót líkt og LEK mót golfklúbba sem við höldum fyrst allra klúbba í sumar. Völlurinn vel nýttur í sumar og við þurfum að byrja okkar vinnu á morgnana a.m.k. klukkutíma fyrir fyrsta rástíma til að geta unnið okkar verkefni óáreitt á morgnana, í sumar þýddi þetta að við vorum byrjuð að vinna klukkan 5-6 á morgnana en það er ekki sjálfsgagt að hafa starfsfólk þar sem það er ekki fyrstaða að vakna svona snemma og ber að þakka þeim vel fyrir það.

Með aukinni umferð á vellinum okkar krefst völlurinn þess að viðhald aukist líka og stefnum við að því að fjölga sumarstarfsfólki á vellinum til að anna þessum verkum.

Ég vil þakka öllum þeim sjálfboðaliðum fyrir óeigingjörn störf í sumar og þakka félögum fyrir frábært golfsumar!

Ólafur Dór Steindórsson, vallasgjafi

